



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðherra  
Ásmundur Einar Daðason  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2022

2111020SA GB  
Málalykill: 02.31

### **Efni: Erindi varðandi gildistöku barnaverndarlaga**

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi breytingar á barnaverndarlögum sem fela í sér grundvallarbreytingar á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga. Með breytingunni voru barnaverndarnefndir lagðar niður í núverandi mynd og meginábyrgð daglegrar þjónustu barnaverndar falin barnaverndarþjónustu. Þá gera löggin ráð fyrir að settar verði á fót nýjar stjórnáslunefndir, umdæmisráð barnaverndar, sem fara með úrskurðarvald í ákveðnum barnaverndarnefndum á vettvangi sveitarfélaganna.

Breytingarnar fela í sér stóru aukna samvinnu sveitarfélaga á sviði barnaverndar þar sem miðað er við að í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar en til samanburðar var fyrra íbúamark 1500 íbúar. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er hægt að fá undanþágu frá íbúalágmarki varðandi barnaverndarþjónustu en engar slíkar undanþágur eru í boði fyrir umdæmisráð barnaverndar.

Gert er ráð fyrir að fyrrgreindar breytingar taki gildi 28. maí næstkomandi. Hugsunin með tímamarki gildistöku var í upphafi sú að breytingarnar gætu verið tilbúna fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 14. maí næstkomandi. Þó að almennt sé sátt um breytingarnar og þær taldar til þess fallnar að styrkja barnavernd þá er innleiðing svo umfangsmikilla breytinga flókin og tímafrek og hefur af ýmsum ástæðum gengið hægar en vonir stóðu til í upphafi. Kosningar til Alþingis, breytingar á skipan ráðuneyta með umfangsmiklum breytingum á málefnum barna í Stjórnarráðinu ásamt mikilli áherslu á innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, með tilheyrandi breytingum á þeim stofnunum sem að verkefninu koma, hefur gert það að verkum að ráðuneytið hefur ekki haft tæk á að veita þann stuðning við innleiðinguna sem æskilegt hefði verið.


Þá hefur heimsfaraldur Covid-19 haft áhrif á nær öll önnur verkefni bæði ríkis og sveitarfélaga ásamt því að sameiningar sveitarfélaga og komandi sveitarstjórnarkosningar gera það að verkum að erfitt er að vinna að svo umfangsmiklum breytingum á stjórnáslu sveitarfélaga í barnaverndarmálum á þeim takmarkaða tíma sem til umráða er. Þá kom einnig í ljós þegar umfang mála hjá umdæmisráðum barnaverndar var skoðað að líklega er skynsamlegast að það verði ekki nema 2-3 umdæmisráð á landinu öllu. Eðli málsins samkvæmt krefst það samvinnu fjölmargra sveitarfélaga um allt land sem kallar á lengri undirbúning og mikla samvinnu.

Þessi staða var rædd á fundi fulltrúa sambandsins og ráðuneytisins 16. febrúar sl. Á þeim fundi greindu fulltrúar sambandsins frá þeirri vinnu sem sérfræðingar sambandsins hafa unnið í samstarfi við sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins, sem hefur skýrt myndina töluvert. Á fundinum kom fram mikill samhljómur um mikilvægi þess að stjórnslá barnaverndar í landinu gangi snurðulaust fyrir sig. Til þess að markmið lagabreytinga gangi eftir þarf að veita meira svigrúm til innleiðingar en gert var ráð fyrir við samþykkt laganna. Af þeim sökum er lagt til að gildistöku breytinganna verði frestað að lágmarki til 1. október 2022 og helst til næstu áramóta. Samhliða er gert ráð fyrir því að stofnaður verði innleiðingarpur með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, Barna- og fjölskyldustofu og Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem markvisst mun vinna að innleiðingunni. Með því móti ætti að takast að ljúka innleiðingu stjórnsláubreytinga í öllum sveitarfélögum.

Ef fallist verður á þetta erindi þarf jafnframt að gera ráð fyrir að starfandi barnaverndarnefndir haldi umboði sínu þar til breytingarnar taka gildi, án þess að skipa þurfi nýjar nefndir að loknum sveitarstjórnarkosningum til tiltölulega skamms tíma. Einnig þarf þó að gera ráð fyrir því að félagsmála/velferðarnefndir sem skipaðar verða eftir sveitarstjórnarkosningar og fara jafnframt með verkefni barnaverndarmála hafi heimildir til að sinna barnaverndarhlutverki sínu þar til lagabreytingin tekur gildi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri